

Ríki dauðans

TÓNLIST

Óperusýning

★★★★☆

Salurinn í Kópavogi

Farfuglinn, rafópera eftir Hilmar Þórðarson. Handrit, leikstjórn, leikmynd og búningar: Messíana Tómasdóttir. Aðstoðarleikstjórn: Pálína Jónsdóttir. Rafslagverk og hljóð: Gísli Galdur. Flytjendur: Ingibjörg Guðjónsdóttir, Jóhann Smári Sævarsson, Halla Messíana Kristinsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir og Rúnar Óskarsson.

Woody Allen fór eitt sinn á hraðlestrarnámskeið. Hann las bókina Stríð og friður eftir Tolstoj á tuttugu mínútum. Og komst að því að hún væri um Rússland.

Eitthvað svipað átti sér stað á óperusýningu á Myrkum músíkdögum. Maður fékk í hendur tónleikaskrá þar sem fram kom að flytja ætti rafóperuna *Farfuglinn* eftir Hilmar Þórðarson. Óperan væri byggð á ævintýri eftir H.C. Andersen, *Móðurinni*, og ljóðabókinni *Farfuglum* eftir R. Tagore. Í tónleikaskránni stóð aðeins að óperan væri um dauðann. Maður fékk ekki að vita neitt um söguþráðinn.

Ég hugsa að mörgum hafi fundist torvelt að átta sig á hvað var að gerast þegar óperan var flutt. Söngurinn var á íslensku, en söngvararnir voru ekkert sérstaklega skýrmæltir. Að kannast við þetta ævintýri Andersens hjálpaði, en hversu margir í salnum höfðu lesið það, eða ljóð Tagores?

Að kalla óperuna rafóperu er kannski ekki alveg rétt. Vissulega léku rafhljóð stórt hlutverk í hljóðheimi verksins, þau voru grunnurinn sem lifandi söngur og hljóðfæraleikur var lagður á. Rafhljóðin voru kynlega einsleit (miðað við alla möguleikana sem þau bjóða upp á), sömu effektarnir voru notaðir aftur og aftur. Oneitanlega var stemningin oft mögnuð, en minni endurtekningar og fleiri litir hefðu gert verkið meira spennandi.

Svipaða sögu er að segja um hljóðfæraraddirnar, sem féllu fremur máttleysilega inn í heildarhljóminn. Maður spurði sjálfan sig til hvers væri að hafa tvo grímuklædda hljóðfæraleikara á sviðinu, sem gerðu ekkert annað en að spila. Kannski hefðu þeir mátt taka meiri þátt í atburðarásinni.

Óperan snýst um dauða barns. Móðir barnsins fer í ríki Dauðans til að reyna að endurheimta það.



Óperan *Farfuglinn* snýst um dauða barns.

Í leiðinni öðlast hún dýpri skilning á tilverunni. Halla Messíana Kristinsdóttir var í hlutverki barnsins og skilaði því með sóma. Söngur hinna söngvaranna, þeirra Ingibjargar Guðjónsdóttur og Jóhanns Smára Sævarssonar, var líka fallegur, en síendurteknar laghendingar voru á köflum þreytandi áheyrnar. Jóhann Smári var í mörgum hlutverkum (skemmtilega útfærðum með mismunandi brúðum sem hann hélt á) en tónlistin undirstrikaði það alltof sjaldan.

Engu að síður var ýmislegt gott við sýninguna. Sviðið í Salnum í Kópavogi er þínulítið, en samt skapaði skjáhvíluleg grafík á veggnum ótrúlega mergjað andrúmsloft. Brúður Messíönu Tómasdóttur voru líka sterkir karakterar. Það var einhver draumkennd stemning yfir heildarmyndinni, sem var sjarmerandi. Kannski má segja að þessi ópera sé fyrst og fremst heillandi myndlistaverk, skreytt tónum. Með fjölbreytilegri hljóðheimi hefði sjarminn þó getað verið mun meiri.

Jónas Sen

Andinn í lampanum

MYNDLIST

Dodda Maggý – Lucy

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Til 21. febrúar 2010. Opíð alla daga kl. 10-17. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Yean Fee Quay.

Listasafn Reykjavíkur kynnir unga listamenn í D-sal Hafnarhússins; að þessu sinni sýnir þar Dodda Maggý. Um er að ræða innsetninguna *Lucy* sem byggist á hljóði og myndbandi. Með tæknina að vopni skapar listamaðurinn skilyrði fyrir óvenjulega skynræna upplifun sýningarasta.

Fyrst er skynjunin rugluð eða „afstillt“ með því að leiða gesti inn í myrkvað rými þar sem ómar angurvær söngur. Hljóðið ferðast um salinn og er þannig skerpt á skilningarvitunum, ekki síst heyrninni þegar „áhorfandinn“ reynir að átta sig á aðstæðum. Og áhorfið fær sinn skammt; athyglin beinist fljótlega að skjámynd sem í tilviki undirritaðrar virkaði í fyrstu sem afstrakt lítaflæmi, og stemningin fljótandi, óhlutbundin og andleg. Þá tekur á skjánum að glitta í konu í skrautlegum búningi, sem leiðir hugann að sirkus eða skemmtanaíðnaði af einhverju tagi. Fyrir utan að vera blekking á tjaldi, býr þessi kona yfir talsverðum annarleika; látbragð hennar er tregafullt og hún sést aðeins að hluta sem flöktandi ímynd í myrkrinu, dálítið eins og logi sem leitast við að draga í sig súrefni – en hér er það hljóðið, söngurinn, sem glæðir ásýnd verunnar. Við rétt ákall birtist hún eins og andinn í æv-



Lucy er blekking á tjaldi.

intýrinu um Aladdin.

Dodda Maggý líkir hér á vissan hátt eftir bíóreynslunni, þ.e. þeirri sem fæst í dimmum sýningarsólum kvikmyndahúsa. Hún einangrar þó „bíógestinn“, magnar og kemur óvanalegri hreyfingu á hljóðið, einfaldar og dempar myndina. Ólíkt því sem gjarnan gerist í bíó – að áhorfandinn gleymi sér í sjónarspílinu – virkjar eða lýsir *Lucy* smám saman líkamlega skynjun og tilfinningu fyrir rýmislegru stöðu sýningargesta sem umluktir eru ljósgeislum og ósýnilegum hljóðbylgjum. Hér er á ferðinni fallega unnin sýning sem kveikir ýmsar hugleiðingar um samspil skynjunar og tækni, efnis og anda.

Anna Jóa



Christopher Plummer í hlutverki sínu sem Leo Tolstoj.

Af Tolstoj

Í tilefni af 100. ártíð Leos Tostojs verður mikið um dýrðir víða um heim. Skammt er í frumsýningu kvikmynda um Tolstoj þar sem Christopher Plummer leikur skáldið mikla, nýjar þýðingar koma út á helstu verkum hans og svo má telja.

Einna mestu fengur er þó í rússneskri heimildarmynd sem dregin hefur verið fram í dagsljósið, en í henni má sjá Tolstoj á búgaði sínum 1908. Áhugi fyrir Tolstoj er annars lítill í Rússlandi, aðallega fyrir andstöðu hans við Rétrúnaðarkirkjuna sem bannferði hann 1901, og aftur 100 árum síðar.

Söfnin í landinu



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Barnaleiðsögn

Sunnudaginn 7. febrúar kl. 14

2 fyrir 1 af aðgangseyri

Sunnudaginn 7. febrúar

Opíð alla daga nema mánudaga 11-17
Aðgangur ókeypis fyrir börn
www.thjodminjasafn.is - s. 530 2200



Hafnarborg

16. janúar - 28. febrúar

Endalokin - Ragnar Kjartansson
Ljósbot - Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir

Sunnudag 7. febrúar kl. 15
- Listamannspjall
með Ingunni Fjólu Ingþórsdóttur

Opíð 12-17, fim. 12-21, lokað þri.
www.hafnarborg.is
sími 585 5790
Aðgangur ókeypis



DUUS HÚS
REYKJANESBÆR

Listasafn: Björn Birnir
Afleiddar ómælisvaddir
Bíósalur: Verk úr safneign
Listasafns Reykjanesbæjar
Bátasafn: 100 bátalíkön
Byggðasafn: Völlurinn

Opíð virka daga 11.00-17.00
helgar 13.00-17.00
Aðgangur ókeypis
reykjanesbaer.is/listasafn



LISTASAFN ÍSLANDS

CARNEGIE ART AWARD 2010
8.1. - 21.2. 2010

SUNNUDAGSLEIÐSÖGN 7. febr. kl. 14

SAGAN Á BAK VIÐ VERKIN

Kristín Arngrímsdóttir myndlistarmaður með leiðsögn um sýninguna.

SAFNANÓTT föstudaginn 12. febr. kl. 19-24
DRAUMAR

Leiðsögn kl. 20 og 22.30, Tískusýning kl. 21,

SAFNBÚÐ Úrval af listaverkabókum, listaverkakortum, plakötum,
íslenskum listmunum og gjafavöru.

Frikirkjuvegi 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600
OPÍÐ daglega kl. 11-17, lokað mánudaga
Allir velkomnir! ÓKEYPIS AÐGANGUR www listasafn.is



VÍKINGAHEIMAR
Skipið Íslendingur og
sögusýning
- Söguleg skemmtun

VÍKINGABRAUT 1
- REYKJANESBÆ
Opíð alla daga
frá 11:00 til 18:00
Sími 422 2000
www.vikingaheimar.com
info@vikingaheimar.com



LISTASAFN
ÁRNESINGA
Hveragerði

í samstarfi við Listasafn Íslands

ÍSLENSK MYNDLIST
hundrað ár í hnotskurn

kaffistofa – leskró
barnahorn

OPÍÐ: Fim.-sun. kl. 12-18
AÐGANGUR ÓKEYPIS
www listasafnarneseinga.is